

AUGLÝSING

um leiðbeiningar um umsóknir um skráningu sérlyfja.

1. gr.

Norrænar leiðbeiningar um umsóknir um skráningu sérlyfja, Drug applications, Nordic guidelines, NLN Publication No 24, Nordic Council on Medicines (Norræna lyfjanefndin) 1989 og Drug applications, Medicines for veterinary use, Nordic guidelines, NLN Publication No 27, Nordic Council on Medicines (Norræna lyfjanefndin) 1989, gilda hér á landi frá og með 1. janúar 1992.

2. gr.

Um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá vísast að öðru leyti til ákvæða reglugerðar um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 544/1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19. nóvember 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. grein er afhent notanda um rennismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

Hitaveitan mun þó í sérstökum tilfellum afhenda vatnið um stillanlegan hemil, og þá einungis þar sem rennismæli verður ekki við komið og miðast þá gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur fyrir.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuði, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.